

Mánudaginn 9. október 1995.

Nr. 281/1995.

Friðrik Ólafsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Hríseyjarhreppi

(Árni Pálsson hrl.)

og gagnsök

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Með bréfi gagnáfrýjanda 12. september 1995 var þess krafist, að aðaláfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að kröfu gagnáfrýjanda verði hafnað, en til vara, að tryggingin verði ákveðin mun lægri fjárhæð en krafist er. Þá krefst hann málskostnaðar.

Rök gagnáfrýjanda eru þau, að bú aðaláfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 30. apríl 1991 og skiptum lokið 30. september sama ár, án þess að eignir fyndust í búinu. Aðaláfrýjandi sé skráður eigandi bifreiðanna BN-659, Benz 280, árgerð 1975, og KA-225, Ford Bronco, árgerð 1980, og sé fyrirnefnda bifreiðin veðsett. Við embætti sýslumannsins í Reykjavík bíði afgreiðslu tvær aðfararbeiðnir á hendur aðaláfrýjanda. Séu allar líkur á, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Reisir gagnáfrýjandi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu aðaláfrýjanda er kröfu gagnáfrýjanda mótmælt með þeim rökum, að ekkert liggi fyrir í málinu um, að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá aðaláfrýjanda. Málið varði mikla fjárhagslega hagsmuni aðaláfrýjanda, og hafi málskostnaður í héraði verið felldur niður. Bendir það til, að hér sé ekki um tilefnislausu eða tilgangslitla málsókn að ræða, sbr. tilvitnaða lagagrein. Aðaláfrýjandi sé eigandi tveggja bifreiða og þeirrar kröfu, sem mál þetta varðar. Hann sé sjálfstæður verktaki og reki bifreiðaverkstæði.

Gegn mótmælum aðaláfrýjanda hefur gagnáfrýjandi ekki leitt nægar líkur að því, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu gagnáfrýjanda.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu gagnáfrýjanda, Hríseyjarhrepps, um málskostnaðartryggingu er hafnað.
